

Áfangalýsing

Titill	Permanent 4
Námsgrein	Permanent
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HPEM3HG04
Staða	
Þrep	3
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HPEM3HG04
Lýsing	Nemandi nýtir sér áunna færni frá fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við framkvæmd permanents. Hann horfir til líffræðilegra þátta einstaklingsins og tilætlaðrar útkomu við val á efni og upprúlli. Hann öðlast sjálfstæði í að gefa ráð og lýsa þeim möguleikum sem í boði eru og að útfæra permanent sem hentar viðskiptavini samkvæmt þeim tíðaranda sem ráðandi er. Dýpkaður er skilningur á greiningu hárs, spjaldskrárog verklýsingagerð. Unnið er með módel.
Forkröfur	HPEM3HG04
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • að útfæra permanent samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina. • greiningu hárs og vali á viðeigandi efni samkvæmt því. • ólíkum gerðum permanentefna. • vali á spólugerð.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • velja efni og spólugerð miðað við hárgerð og fyrirhugaða útkomu. • setja permanent í hár innan ákveðinna tímamarka. • að beita permanentliðun til að ná fram þeirri útkomu sem óskað er eftir og er möguleg hverju.
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • sjá út og framkvæma þá útkomu sem hæfir viðkomandi viðskiptavini. • velja efni og spólugerð miðað við hárgerð og fyrirhugaða útkomu. • framkvæma permanentliðun á fjölbreytta vegu. • gera nákvæma verklýsingu og spjaldskrá. • ráðleggja viðskiptavini um hármeðferð með tilliti til hárgerðar og líffræðilegra þátta auk þess að gefa ráð um eftirmeðhöndlun. • geta unnið sjálfstætt og innan ákveðinna tímamarka. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.
Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	

